

# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 — 1978

28. desember 1978.

387

Nr. 104.

## L Ö G

um breytingu á lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., sbr. lög nr. 69/1967.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna, sbr. 6. gr. 1. nr. 69/1967, orðist svo:

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 2% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Af gjaldi þessu má allt að þriðjungur, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, ganga til bankanna til að standa straum af kostnaði við úthlutun leyfa, en að öðru leyti renni gjaldið í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 28. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

28. desember 1978.

Nr. 105.

## L Ö G

um greiðslu verðjöfnunargjalds af sauðfjárafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði verðjöfnunargjald það sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ákveðið að taka af framleiðslu sauðfjárafurða haustið 1977.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 28. desember 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*